

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 103/2006**

**frá 22. september 2006**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2006 frá 28. apríl 2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/414/EB frá 30. maí 2005 um breytingu á I. viðauka við ákvörðun 2003/634/EB um samþykkt áætlana um að ná stöðu viðurkenndra svæða og viðurkenndra eldisstöðva á svæðum sem ekki eru viðurkennd með tilliti til veirublæðingar og iðradreps í fiski <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að gilda að því er varðar Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 55. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/634/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„– **32005 D 0414**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/414/EB frá 30. maí 2005 (Stjtið. ESB L 141, 4.6.2005, bls. 29).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2005/414/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. september 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 175, 29.6.2006, bls. 86, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 29.6.2006, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 141, 4.6.2005, bls. 29.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Helen Sletnes***

formaður.